


Alþingi  
Erindi nr. P 130/67  
komudagur 3.11.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SA/HGS

Rvk. 3.11.2003

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari reytingum.**

Með frumvarpinu er lagt til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts og vörugjöld af eldsneyti hækki um 8% í samræmi við forsendur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við hækkun vörugjalds af eldsneyti enda hefur gjaldið verið óbreytt frá 1999. Það verður að teljast óheppilegt að láta svo langan tíma líða á milli eðlilegrar uppfærslu gjaldsins til samræmis við verðlagsþróun, sem síðan veldur miklum stökkum þegar að endurskoðun þess kemur. Önnur sjónarmið eiga hins vegar við varðandi kílómetragjald þungaskatts, sem nú þegar er mjög hátt, og leggjast SA því gegn boðaðri hækkun þess. Gjaldið er nánast eingöngu greitt af bifreiðum í atvinnustarfsemi og skerðir hækkun þess samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í ljósi aukinna umsvifa á komandi árum í tengslum við virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir er ljóst að tekjur ríkissjóðs af skattinum munu aukast verulega af þessum skattstofni. Samtök atvinnulífsins leggja því til að kílómetragjald þungaskatts verði óbreytt.

Virðingarfyllst,

*Hannes G. Sigurðsson*

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri